

22. október 2023

Mál nr. 191/2023

Efni: Umsögn um drög að breytingu á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda

Samtök smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli - félag heimavinnsluaðila (SSFM/BFB) fagna því að sala matvælaframleiðenda á matarmarkaði í eigin hagnaðarskyni hafi verið bætt við reglugerðina, enda löngu tímabært eins og rætt hefur verið um og [ritað](#).

Breytingin er orðrétt það sem við lögðum til fyrir ári síðan í kjölfar funda með ráðuneytinu. Við vorum beðin um að orða það sem við vorum að biðja um, hentum upp drögum sem gert var ráð fyrir að yrðu gagnrýnd (rýnd til gagns) af lögfróðum aðilum.

Eftir að reglugerðarbreytingin fór inn í samráðsgátt rýndum við málsgreinina betur og fengum ábendingar um atriði sem betur mættu fara (viðbætur eru feitletraðar).

Sölu matvælaframleiðenda með gilt starfsleyfi (ef starfsemin er starfsleyfis skyld) frá sínu heilbrigðisumdæmi á forpökkuðum matvælum og matjurtum á matarmörkuðum þar sem skipuleggjendur/ábyrgðaraðilar markaðarins eru með leyfi frá heilbrigðiseftirliti svæðisins fyrir viðburðinum, gegn því að framleiðendurnir framvísi afhendi skipuleggjendum/ábyrgðaraðilum markaðarins starfsleyfi sín áður en markaður hann hefst og ábyrgðaraðili upplýsi framleiðendur um þær reglur sem gilda um sölu matvæla á matarmörkuðum og,

1. **EKKI** öll starfsemi er starfsleyfis skyld sbr. [2. gr. reglugerðar nr. 580/2012](#).
2. **Mat**vælaframleiðendur eru með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti svæðisins og/eða Matvælastofnun. Þar sem Matvælastofnun fellur ekki undir heilbrigðisumdæmi framleiðandans er ekki hægt að nefna það án þess að nefna Matvælastofnun. Þar sem „gilt starfsleyfi“ hlýtur að koma frá viðurkenndum eftirlitsaðila teljum við að það sé óþarft að telja eftirlitsaðilana upp.
3. **Til** að koma í veg fyrir óþarfa vandamál við framkvæmd reglugerðarinnar teljum við nauðsynlegt að í tölulíðnum séu **matjurtir** taldar upp, þar sem þær eru jafnan ekki forpakkaðar og ekki ætti að þurfa sérstakt leyfi til að selja þær á matarmörkuðum, þó þess þurfi fyrir óvarin unnin matvæli.
4. **Við** teljum ofaukið að hafa bæði orðin skipuleggjandi og ábyrgðaraðili (við settum bæði inn til að valið yrði á milli þeirra). Eins teljum við rétt að hafa orðið „**ábyrgðaraðili**“ í eintölu, því fyrir hvern og einn markað er einn aðili sem á endanum ber ábyrgð á markaðinum.

5. **Við** leggjum til að orðinu „afhendi“ sé skipt út fyrir „**framvísi**“ sem er lögfræðilega réttara því samkvæmt lögfræðinni þýðir „að afhenda“ að skipuleggjandinn/ábyrgðaraðilinn yfirtaki starfsleyfi framleiðandans.
6. **Megintilgangurinn** með því að matvælaframleiðandi, með gilt starfsleyfi fyrir sinni framleiðslu, sækir um sérstakt starfsleyfi (torgsöluleyfi) til heilbrigðiseftirlits svæðisins til að mega selja á matarmarkaði, er til að tryggja að hann þekki þær reglur sem um slíka starfsstöð/verslun gilda. Þegar SSFM/BFB áttu samstarf við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um þátttöku á Landbúnaðarsýningunni í október 2022, fór heilbrigðisfulltrúi yfir kynningu á þeim reglum á fundi fyrir þá sem ætluðu að taka þátt. Kynningin var einnig send á þátttakendur. Sú kynning var aðgengilegri og skýrari en reglugerð og því leggjum við til að slík kynning verði sett á vefi heilbrigðiseftirlita landsins og gerð krafa um að ábyrgðaraðilar markaða bendi framleiðendum á þá kynningu. Hafa ber í huga að jafnan eru þetta að langstærstum hluta sömu framleiðendur sem taka þátt á matarmörkuðum. Á hverjum markaði eru örfáir, jafnvel enginn sem hefur aldrei áður selt á matarmarkaði.

Við gerum ekki athugasemd við nýtt heiti reglugerðarinnar.

F.h. Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli,

Oddný Anna Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri

Til samanburðar:

Töluliður 2 í samráðsgátt:

Sölu matvælaframleiðenda með gilt starfsleyfi frá sínu heilbrigðisumdæmi á forpökkuðum matvælum á matarmörkuðum þar sem skipuleggjendur/ábyrgðaraðilar markaðarins eru með leyfi frá heilbrigðiseftirliti svæðisins fyrir viðburðinum, gegn því að framleiðendurnir afhendi skipuleggjendum/ábyrgðaraðilum starfsleyfi sín áður en markaður hefst og,

Töluliður 2 með þeim breytingum sem SSFM/BFB leggja til:

Sölu matvælaframleiðenda með gilt starfsleyfi (ef starfsemin er starfsleyfiskyld) á forpökkuðum matvælum og matjurtum á matarmörkuðum þar sem ábyrgðaraðili markaðarins er með leyfi frá heilbrigðiseftirliti svæðisins fyrir viðburðinum, gegn því að framleiðendurnir framvísi ábyrgðaraðila markaðarins starfsleyfi sín áður en hann hefst og ábyrgðaraðili upplýsi framleiðendur um þær reglur sem gilda um sölu matvæla á matarmörkuðum og,